

**Eiður Þorri Þrastarson**

Kt. 230982-5469

Dyngskógar 5

810 Hveragerði

Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Grashólsvegjar (3812-01), Grímsnes- og Grafningshrepps, af vegskrá.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007, að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er ekki lengur lögheimili á staðnum.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformað að fella Grashólsveg (3812-01) af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Hér með er gefinn kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, á netfangið feb@vegagerdin.is innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit sent til sveitarfélagsins gogg@gogg.is

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Freydís Edda Benediktsdóttir

*Þetta skjal hefur verið samþykkt
rafrænt*